

Að þessu athuguðu verður ekki betur séð en að það sé samkvæmast eðli málsins, að skólastjóri sjálfur velji þenna aðstoðarmann sinn, og val þetta fari fram með hliðsjón af 4. mgr. 14. gr. fræðslulaganna. Er þetta einnig í fullu samræmi við það, hvernig stofnað var til starfsins árið 1930. Greiðsla fyrir starfið hlýtur hinsvegar ávallt að vera háð samþykki bæjarstjórnar.

Samkvæmt framansögðu verður ráðning stefnanda til umrædds starfs ekki talin hafa farið fram með þeim hætti, að kröfur hans í þessu máli, gegn mótmælum stefnds, geti orðið teknar til greina. Það ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Pálma Jósefssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 76/1938. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
gegn

Jóni Bjarnasyni.

Úrskurðað, að aðiljaskýrslna skuli aflað.

Úrskurður hæstaréttar.

Af hálfu stefnda var því ákveðið mótmælt fyrir héraðsdómi, að hann hefði fengið vörur þær, er áfrýjandi telur honum til skuldar. Kveðst hann engin viðskipti hafa átt við Áburðarsölu ríkisins árið 1934, en hinsvegar hafi hann keypt af henni áburð árið 1933 og greitt andvirði hans við afhendingu.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins ritaði héraðsdómsmálflutningsmaður Egill Sigurgeirsson, er af

hálfu áfrýjanda flutti málið í héraði, lögreglustjóranum á Akranesi bréf, dags. 26. febr. þ. á. Skýrir hann þar frá tildrögum máls þessa og dómi undirréttarins í því. Kveður hann hafa komið fram í málinu „yfirnæfandi likur“ fyrir því, að stefndi hafi, þrátt fyrir neitun sína, „móttekið og hagnýtt sér þessa áburðarsendingu“. Mælist hann til þess, að stefndi „verði kallaður fyrir lögreglurétt og tekin af honum skýrsla í þessu máli, og þá líka af þeim öðrum, sem sú rannsókn benti til, að gætu gefið upplýsingar í máli þessu.“ Þessi krafa málflutningsmannsins byggist væntanlega á því, að hann telji stefnda hafa með framangreindum mótmælum gert sig sekan um sviksamlegt atferli. Þann 4. marz þ. á. kvaddi lögreglustjórinn stefnda fyrir lögreglurétt og krefur hann þar frásagnar *sem vitni* um afstöðu hans til þeirra atvika, sem einkamál þetta er af risið, enda þótt stefndi væri annar aðili einkamálsins og tilefni lögreglurannsóknarinnar væri kæra á hendur honum fyrir refsivert atferli í sambandi við það. Virðist mega ráða af spurningum þeim, sem í réttarhaldi þessu eru lagðar fyrir stefnda, að dómarrinn hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir, að hér var um að ræða upphaf sakamálsrannsóknar, en ekki skýrslutöku í sambandi við rekstur einkamáls. Til þess bendir það einnig, að kærandinn, fyrrnefndur málflutningsmaður, er viðstaddur réttarhald þetta, og fær hann að því loknu afrit af því, sem til bókar var fært, en frekari próf virðast ekki hafa verið haldin.

Ráða má af svörum þeim, sem stefndi gaf fyrir lögregluréttinum, að nauðsyn beri til, að af honum sé tekin lögmaet aðiljaskýrsla í máli þessu. Þá eru og upplýsingar þær, sem fyrir liggja frá áfrýjanda

um viðskipti stefnda við Áburðarsölu ríkisins, ekki nægilega fullkomnar í sumum greinum. Þykir því verða að ákveða samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936, að aðiljar máls þessa, þ. e. stefndi og forstjóri Áburðarsölu ríkisins, sem er yfirmaður þeirrar greinar í starfsemi áfrýjanda, er hér skiptir máli, verði, áður en dómur gengur í máli þessu hér fyrir rétti, kvaddir fyrir héraðsdóm og þar beint til þeirra spurningum um þau atriði, er hér verða talin.

Spyrja skal áfrýjanda um það, hversu oft og hvaða ár stefndi hafi keypt vörur af Áburðarsölu ríkisins, eftir því sem séð verði af bókum hennar, hvernig stefndi hafi pantað vörurnar og hvort greiðsla hafi farið fram í Reykjavík, um leið og varan var pöntuð, eða gegn eftirkröfu. Ennfremur, hvernig á þeim misgáningi muni standa, sem áfrýjandi telur hafa orðið, að fylgibréfið til stefnda var sent án eftirkröfu árið 1934, og hvernig utanáskrift bréfs þess muni hafa verið hagað, sem fylgibréfið var sent í. Þá skal hann og spurður um það, hvort það hafi tíðkast, að kaupendur greiddu vörur við pöntun, er síðar væru sendar þeim án eftirkröfu.

Stefndur skal um það spurður, hversu oft og hvenær hann hafi fengið vörur frá Áburðarsölu ríkisins, og sérstaklega, hvort hann hafi fengið vörur þær, sem um ræðir í þessu máli. Hvernig hann hafi pantað vörurnar og, ef hann telur sig hafa greitt þær, hvar og hvenær sú greiðsla hafi átt sér stað og hver hafi við henni tekið. Ber einnig að spyrja hann um, hvernig greiðsla hafi farið fram fyrir vörur þær, er hann keypti af Áburðarsölunni árið 1933.

Svo ber og að spyrja báða aðilja þeirra frekari spurninga, sem svör þeirra kunna að gefa tilefni til.

Þvi úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að kveðja aðilja máls þessa fyrir dóm og beina til þeirra framangreindum spurningum svo og öðrum þeim spurningum, sem svör þeirra kunna að gefa tilefni til.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 166/1936. Skólanefnd héraðsskólans á Laugum.

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri

(Jón Ásbjörnsson).

Mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. október 1936 og gert þessar dómkröfur: *Aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda í málinu, *til vara*, að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða stefnda kr. 15427.31 með 6½% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags gegn afhendingu skuldabréfs þess, er í málinu getur, og til þrautavara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóvember 1938 til greiðsludags gegn afhendingu skuldabréfsins. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver krafa hans sem til greina yrði tekin. Stefndi krefst þess hinsvegar, *aðallega*, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að